Flugmaður á TF-BLU lenti á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli og fékk eftir það heimild flugturnsins til þess að aka í flughlað Flugþjónustunnar um akbraut ECHO. Ástæða þess að flugmaðurinn hugðist aka þangað var að skoða B-25D flugvél er hafði lent á Reykjavíkflugvelli skömmu áður og var lagt þar.

Akstur TF-BLU var að hans sögn hefðbundinn akstur stélhjólsflugvélar með beygjum. Á hlaðinu og upp við B-25D flugvélinu var mikið af fólki og einnig nokkrar



bifreiðar eins og sjá má á myndinni hér að ofan. Skyndilega heyrði hann smell og drap þá samstundis á hreyfli flugvélarinnar. Flugmaðurinn hafði þá ekið TF-BLU á bifreið sem var mannlaus og lagt eins og sjá má á



myndinni (rauða strikið er ferill flugvélarinnar og gráa bifreiðin er sú er ekið var á).

Stjórnandi bifreiðarinnar hafði leyfi Flugstoða til aðgangs að Reykjavíkflugvelli og einnig akstursheimild fyrir bifreiðina. Stjórnandi bifreiðarinnar hafði verið að mynda landingu B-25D vélarinnar og að því loknu ekið inná flughlað Flugþjónustunnar til þess að taka myndir af flugvélinni þar sem hún stóð á flughlaði. Lagði hann bifreiðinni utarlega á hlaðið fjarri öllum öðrum bifreiðum, mannvirkjum og flugvélum og yfirgaf bifreiðina þar.

RNF lokaði málinu með bókun.


Uppstreymi í aðflugi – Ókyrrð í fráhrarfsflugi

2010

Alvarlegt flugatvik M-00210/AIG-02 TF-JMO Fokker F50 Ísafjarðaflugvöllur 21. janúar

Í aðflugi að Ísafjarðaflugvelli (skömmu eftir Ögur) þegar flugvélin var í um það bil 4.500 feta hæð yfir sjávarmáli fékk áhöfnin á TF-JMO þær upplýsingar frá flugturninum á Ísafirði að á flugvellinginum væri norðanátt og 20 hnúta vindur. Áhöfnin tilkynnti þá farþegum að ófært væri á Ísafjörð. Áhöfnin ákvað þá að hækka flugið í 6.000 fet, taka stefnu í norður (í átt að Bolungarvík) og sjá til hvort veðrið myndi breytast. Skömmu síðar fékk áhöfnin veðurupplýsingar frá flugturninum að vindur væri 80°/5 hnútar. Áhöfnin ákvað þá að snúa inn til Ísafjarðar og lenda á flugbraut 08. Þegar flugvélin var í 300-400 feta hæð yfir sjávarmáli varð áhöfnin vör við að flugvélin fór skyndilega inn í niðurstreymi og skömmu síðar í sterkt uppstreymi þar sem flugvélin fór að klifra töluvert. Flugvélin lét þannig ekki að stjórn til lendar og ákvað áhöfnin þá að fara í fráhrarfsflug. í fráhrarfsfluginu klifraði flugvélin meirra en áhöfnin hafði ætlað sér sökum sterks uppstreymis og fór inn í annað niðurstreymi þar sem hún fékk á sig töluverð högg vegna sterkra sviptivinda. Áhöfnin ákvað þá að snúa til Reykjavíkflugvallar og lenda þar.

Ransókn á atvikinu var ekki lokið þegar skýrslan var í vinnslu.



Lenti með vinstra aðalhjól í ólæstri stöðu

2010

Flugslys

M-00510/AIG-05

TF-134

Fly Synthesis – Storch CL

Reykjavíkflugvöllur

23. maí

Þann 27. mars 2010 fór fisflugmaður frá flugvelliðum á Selfossi austur að Fimmvörðuhálsi á fisfvelinni TF-134 sem er tveggja sæta og eins hreyfils. Tilgangur flugsins var að skoða eldgos sem þar stóð yfir.

Eftir að hafa skoðað gosið um stund sá flugmaðurinn að öðru físi hafði verið lent á snævipökku sléttlendi í nágrenni við eldstöðina. Hann ákvað að yfirfljúga landingarsvæðið, sem er í um 3000 feta hæð, til að skoða aðstæður og athuga hvort hann gæti lent TF-134 þar. Yfirflugið var til vesturs en flugmanninum fannst vindur vera hægur og um 45 gráður frá hægri. Þegar TF-134 var komin niður undir jörð var, að sögn flugmannsins, eins og fisinu væri þrýst niður. Hann gaf hreyflinum fullt afl til að hækka flugið en allt kom fyrir ekki og físið skall í jörðina. Eftir slysið hóf flugmaðurinn að taka físið saman til að undirbúa flutning þess af vettvangi. Þegar rannsóknarmaður RNF kom á vettvang var flugmaðurinn



búinn að taka físið saman, koma því á pallbíl og farinn með það af vettvangi. Rannsakandi RNF skoðaði því físið á Skógum, en þangað hafði flugmaðurinn farið með það af jöklinum.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Brotlenti í sumarbústaðalandi við Flúðir

2010

Flugslýs

M-00610/AIG-06

TF-KEX Cessna 177

Við Flúðir

1. apríl

Þann 1. apríl 2012 var flugmaður ásamt þremur farþegum í einkaflugi um Suðurland. Einn farþeganna var einnig með flugmannsréttindi og var hann ásamt flugmanninum að kynna sér flugvélin í þeim tilgangi að leigja hana. Þegar komið var yfir sumarbústaðarland við Flúðir fór flugmaðurinn að yfirfljúga sumarbústaðarlandið þar sem hann þekkti íbúa þar. Í einni beygjunni virtist honum sem hreyfill flugvélarinnar skilaði ekki því afli sem til var ætlast og beindi því nefi hennar fram til þess að halda hraða. Flugvélin missti hæð og skall í jörðina á mosagróin hrygg.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



The cabin crew experienced dizziness

2010

Alvarlegt flugatvik

M-00710/AIG-07

N380AN Boeing 767

Keflavíkurlugvöllur

13. apríl

Three cabin crew (1 purser, 2 flight attendants) were stationed in the forward galley area of an American Airlines Boeing 767-300. All of a sudden they simultaneously experienced immense dizziness, almost a vertigo type feeling. They grabbed a hold of galley counters to steady themselves. They thought the pilots were banking the aircraft. They however noticed that the water in water bottles was level. The symptoms persisted and 2 more cabin crew complained of symptoms such as dizziness, headaches, burning/stinging eyes and stomach upsets. The symptoms persisted until after landing. The affected crew thought they smelled a chemical smell. After disembarking the aircraft and being inspected by a Doctor the symptoms started to subside.

AAIB Iceland sent one investigator to the scene. Rescue crews inspected one dangerous goods container and found nothing abnormal. The aircraft main electrical compartment was inspected for overheat, smoke, fumes.



None were found. The flight crew manually depressurized the aircraft when below 10.000 feet.

Blood samples were taken from 4 cabin crew members and sent for analysis to the University of Seattle.

RNF lokaði málinu með bókun.

Flugumferðaratvik og hreyfilstöðvun


2010

Alvarlegt flugatvik M-00910/AIG-09 TF-KFB Diamond DA20 Reykjavíkflugvöllur 25. maí

Flugnemi var að fara í sitt fyrsta einliða- yfirlandsflug (Solo,X-Country) frá Keflavíkflugvelli. Fyrir flugið lagði hann inn eftirfarandi flugáætlun: Keflavík-Reykjavík-Stórikroppur-Stykkishólmur-Rif-Dagverðará-Kaldármelar-Reykjavík-Keflavík. Flugþol 4 klst. og 20 mín., áætlaður flugtími 3 Klst.

Við brottför frá Keflavíkflugvelli var flugmaðurinn meðvitaður um að eldsneyti væri takmarkað og áætlaði hann að fara fyrst til Reykjavíkflugvallar og taka eldsneyti þar.

Fyrir landingu á Reykjavíkflugvelli var hann í sambandi við flugturninn sem beindi honum inn á flugbraut 01. Flugmaðurinn á TF-KFB kom kom hinsvegar inn á lokastefnu 13 og stefndi þannig á móti annarri flugvél sem var að koma inn til landingar á flugbraut 31. Flugmaðurinn fékk þá skilaboð frá flugturni að hætta við landingu, sveigja af til suðurs og koma inn til landingar á flugbraut 01.



Þegar flugmaðurinn á TF-KFB var lentur á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli stöðvaðist hreyfill flugvélarinnar og staðnæmdist hún á flugbrautinni.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Nauðlending vegna stjórnmissis

2010

Flugslýs

M-01010/AIG-10

TF-HDW

Aerospatiale AS350

Við Sandskeið

23. maí

Flugmaður á TF-HDW var á leið frá Rangá til Reykjavíkur þegar hann varð skyndilega var við að þyrlan lét ekki að stjórn. Þyrlan fór að leyta til hægri og svo virtist sem hann hafi ekki getað beint henni til vinstri. Flugmaðurinn nauðlenti þyrlunni og skall hún á hægri hlið í jörðina með þeim afleiðingum að landingarbúnaður skemmdist. Rannsóknarnefnd flugslýsa í Frakklandi skipaði fulltrúa við rannsóknina og voru prófanir gerðar á þyrlunni hér á landi og stýribúnaði í Frakklandi. Við rannsókn á stýribúnaði kom í ljós að tjakkar sem stýra aðalþyrli þyrlunnar störfuðu ekki eðlilega.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Árekstrarhætta

2010

Flugumferðaratvik

M-02307/AIG-12

FXI143

F50


Reykjavíkflugvöllur

23. maí

N429TS Diamond DA 42

FXI143 var að koma inn til landingar á Reykjavíkflugvelli á leið sinni frá Akureyri. Þegar flugvélin var á hægri þverlegg fyrir flugbraut 31 varð áhöfnin vör við skilaboð frá árekstrarvara flugvélarinnar þar sem hún var að mæta annarri flugvél (N429TS). Áhöfnin ákvað þá að fara í fráhrarflug og lenti síðar á flugbraut 01. Þegar áhöfnin á FXI143 fékk boð um árekstrarhættu var N429TS að stefna á móti þeim og var þá á vinstri þverlegg fyrir sömu flugbraut (31). Við rannsóknina reiknaðist minnsta fjarlægð á milli flugvélna 0,1 NM og hæðarmismunur um 100 fet.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Eldsneyti í lágmarki

2010

Alvarlegt flugatvik M-02307/AIG-13 N96VF Beechcraft BE-36 Vestur af Keflavíkurlflugvelli 27. september

The aircraft (N96VF) departed Sondrestrom Airport in Greenland (BGSF) at 18:45 hrs on 27th of September 2010 for a flight to Reykjavik, Iceland (BIRK). The flight preparation was normal and the pilots estimated to land in Reykjavik at 01:30 hrs the next morning. The pilots originally intended to make a fuel stop in Kulusuk Greenland but due to the late departure from Sondrestrom the airport at Kulusuk would be closed by the time N96VF arrived there. They therefore decided to proceed directly to Reykjavik.

The weather forecast received by the pilots predicted light winds enroute and the pilots estimated that the aircraft should therefore have sufficient fuel to complete the flight to Iceland.

Halfway into the flight it became evident that the winds were less favourable than forecasted. At this time, when at a flight level 130, about 4.5 hours into the flight the winds raised from 15 knots headwinds to 45 knots headwind. The pilots contacted Reykjavik Control to inform them that they were low on fuel and requested priority.



Later, the pilots contacted Reykjavik Control again with updated information and were offered to proceed to Keflavik instead of Reykjavik which would shorten the flying time by a few minutes. The pilots accepted this change and turned the aircraft towards the new destination.

At 01:33 UTC N96VF landed safely at Keflavik Airport. After landing the remaining usable fuel was measured and turned out to be one USG in each of the aircraft's fuel tanks.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hlektist á í landingu

2010

Flugslýs

M-01510/AIG-15

TF-EXI Rotorway

Esja

24. október

Einkaflugmaður var ásamt einum farþega að lenda TF-EXI nálægt Skálatindi á Esju. Í landingunni fann flugmaðurinn að þyrflan hafði lent á ójöfnu og ákvað hann því að taka aftur á loft og finna betri stað til landingar. Flugmaðurinn áttaði sig á því þegar þyrflan var rétt komin í loftið að snúningshraði aðalþyrilsins hafði lækkað niður á neðri hluta gula svæðisins á snúningshraðamælinum. Í kjölfarið beindist nef þyrflunnar niður, annað skíði hennar rakst á barð og þyrflan skall í jörðina.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Ekki full stjórn á loftfarinu í landingu

2010

Alvarlegt flugatvik M-02410/AIG-19 TF-FIX Boeing 757 Keflavíkflugvöllur 21. desember

Þegar áhöfnin var að lenda á Keflavíkflugvelli og flugvélin var í um það bil 50 fetum frá jörðu þá varð sá er var við stjórn hennar var við að vinstri vængur flugvélarinnar fellur niður. Hann leiðrétir það og þá fer hægri vængur niður. Við leiðréttingu á því fer vinstri vængur meira niður en áður og svo koll af kolli og virtist sem flugvélin hafi svarað öfugt við það sem áhöfnin var að gera allt þar til flugvélin lenti á flugbrautinni. Áhöfnin hafði því ekki fulla stjórn á flugvélinni í landingu. Við rannsókn á atvikinu kom í ljós að samsvarandi atvik hafa

verið til skoðunar hjá framleiðanda flugvélarinnar og má rekja þau til skyndilegs mismunafæðis lofts yfir ytri hluta aftari vængbarða (outboard trailing edge flaps).

TF-FIX var ekki búin vænglingjum (winglets) þegar atvikið átti sér stað en það er mat framleiðanda að slíkt minnki líkur á ofangreindu. TF-FIX var útbúin vænglingjum eftir atvikið.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hreyfill missti afl

2010

Alvarlegt flugatvik M-02510/AIG-20 TF-FKE Diamond DA-42 Við NB suður af Akureyri 27. desember

Þegar TF-FKE var í FL 100 yfir NB suður af Akureyrarfluvelli lýsti flugmaður yfir óvissuástandi þar sem dautt var á einum hreyfli. Flugmaðurinn snéri inn til Akureyrarflugvallar og lenti flugvélinni þar án frekari vandkvæða. Við rannsókn kom í ljós að „waste gate

controller“ hafði brotnað á hægri hreyfli. Ennfremur var að finna eldsneytisleka í vinstri hreyfli flugvélarinnar.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Árekstrarhætta

2010

Flugumferðaratvik M-03310/AIG-21 TF-FIX Boeing 757 Keflavíkurlugvöllur 12. október
TF-FII Boeing 757


Þegar TF-FIX (ICE614) var í um það bil 2.000 feta hæð á lokastefnu fyrir flugbraut 11 á Keflavíkurlugvelli fékk áhöfnin upplýsingar um að búast mætti við seinkun á heimild til landingar þar sem TF-FII (ICE741) væri í aðflugi fyrir flugbraut 20.

Þegar TF-FIX var í um það bil 100 feta hæð heyrði áhöfn hennar óskýr skilaboð frá flugturni „gera 360° og að koma aftur inn til landingar“. Áhöfnin á TF-FIX taldi þessi skilaboð ætluð sér og ákvað hún að fara í fráhrarfsflug.

Á sama tíma og verið var að hefja fráhrarfsflugið fékk áhöfnin á TF-FIX heimild til landingar og áleit áhöfnin sem svo að ofangreind óskýr skilaboð hefðu verið ætluð TF-FII og að TF-FII væri þá líklega farin í fráhrarfsflug. Áhöfnin á TF-FIX taldi það ekki öruggt að báðar flugvélar færu í fráhrarfsflug í nálægð við hvor aðra og ákvað því að lenda.

Það er mat áhafnarinnar á TF-FIX að flugvélar hefðu lent með innan við 15 sekúntna millibili.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Nauðlending – Hreyfill missti afl

2010

Alvarlegt flugatvik **M-03810/AIG-22** TF-FTS Cessna 152 Við Vík í Mýrdal 15. júlí

Einkaflugmaður var í flugi um Suðurland þar sem hann fór frá Reykjavíkflugvelli kl. 10:07 um Klaustur og áætlaði vera á flugi í 3.5 klst. Þegar flugvélin var við Vík í Mýrdal varð flugmaðurinn skyndilega var við hvell frá hreyflinum og missti hreyfillin um leið afl niður í 1500–1800 snún/mín (RPM). Flugmaðurinn snéri þá til flugvallarins í Vík í Mýrdal og lenti þar. Við rannsóknina kom í ljós að ventill hafði brotnað.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Atvik sem urðu árið 2011

Hlíf losnaði af í flugtaki

2011

Alvarlegt flugatvik M-00111/AIG-01 TF-ELF Airbus A300 Belfast, Norður Írlandi 4. janúar

RNF barst tilkynning frá rannsóknarnefnd flugslysa í Bretlandi um að stór hlíf hefði fundist á flugbrautinni eftir flugtak TF-ELF (A300) frá Belfast í Norður Írlandi. Rannsóknarnefnd flugslysa í Bretlandi tók málið til

rannsóknar en ákvað síðar að skilgreina atvikið sem minniháttar og að rannsaka það ekki frekar.

RNF lokaði málinu með bókun.

Mörg öryggi slógu út

2011

Alvarlegt flugatvik M-00211/AIG-02 TF-BBF Boeing 737 Leipzig í Þýskalandi 5. janúar

Mörg öryggi slógu út í aðflugi flugvélarinnar til Leipzig í Þýskalandi. Eftir landingu kom í ljós að vírar í öðru af neðri frakthólfum flugvélarinnar voru brunnir. Vírarnir höfðu nuddast utan í plötu sem þeir lágu í gegnum, líklega vegna þess að vírarnir voru ekki nægilega rúmfræðilega gatinu og snertu þannig plötuna. Við það leiddi á milli víranna og þeir brunnu.

rannsóknina. Við rannsóknina kom í ljós að flugrekandinn hafði fyrir mistök hent virunnum sem brunnu. Flugvélaframleiðandinn hóf einnig rannsókn á atvikinu en hætti henni fljótlega. Flugrekandinn skoðið aðrar flugvélar í sínum rekstri og gerði ráðstafanir til að tryggja að rannsóknargögnum verði í framtíðinni haldið til haga.

RNF lokaði málinu með bókun.

Atvikið var tilkynnt til rannsóknarstofnunarinnar í Þýskalandi sem óskaði eftir að RNF tæki að sér

Bilun í knývendi í fráhrarfsflugi

2011

Alvarlegt flugatvik M-00311/AIG-03 TF-ELK Airbus A300 East Midlands Airport 10. janúar

Strax eftir landingu setti áhöfn flugvélarinnar knývenda á. Þá kastaðist flugvélin upp og rakst meðal annars stél hennar í flugbrautina. Hliðarvindur var með hviðum á flugvellinum og ákvað áhöfnin að fara í fráhrarfsflug.

Í fráhrarfsfluginu lokaðist knývendir hægri hreyfils ekki á ný og var afl hans í hægagangi. Rannsóknarnefnd flugslysa í Bretlandi ákvað að taka atvikið til rannsóknar og skipaði RNF fulltrúa við rannsóknina.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Veikindi flugstjóra

2011

Alvarlegt flugatvik M-00411/AIG-04 F-GSPM Boeing 777 Suðvestur af Keflavík 17. janúar

Flugstjóri flugvélarinnar fékk slæma magaverki þegar flugvélin var suðvestur af Keflavíkurlugvelli, í FL 360, á leið sinni frá París til New York.

Áhöfn flugvélarinnar ákvað að snúa til Keflavíkur og lenti flugvélinni þar. Læknir var um borð og gat hann sinnti flugstjóranum þannig að hann náði að vera við stjórnvöl við landingu á Keflavíkurlugvelli. Flugstjórinn jafnaði sig án frekari aðgerða.

Flugstjórinn hefur farið í ítarlegar rannsóknir í Frakklandi og hefur ekkert komið í ljós hvað olli flugstjóranum þessum óþægindum.



RNF lokaði málinu með bókun.

Farangurshurð féll niður

2011

Alvarlegt flugatvik M-00511/AIG-05 TF-FIH Boeing 757 Keflavíkurlugvöllur 30. janúar

Við opnun á farangurshurð opnaðist hurðin umfram það sem venja er, og fóru við það hurðatjakkar úr falsi sínu. Til þess að laga þetta var ákveðið að loka hurðinni á ný. Við það fór hún í fyrstu rólega úr þessari óvenjulegu

stöðu en féll svo skyndilega af miklu afli í lokaða stöðu og virtist ekkert halda við hana í fallinu.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Brotlenti í hliðarvindslendingu

2011

Flugslys

M-00811/AIG-06

TF-JMB DHC-8

Nuuk, Grænlandi

4. mars

Við landingu á flugbraut 23 á flugvælinum í Nuuk í Grænlandi lenti flugvélin harkalega á hægra aðalhjóli með þeim afleiðingum að hjólabúnaðurinn gaf sig.

Flugvélin rann út af flugbrautinni til hægri og upp í urð þar sem nefhjólabúnaður gaf sig einnig. Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku fer með rannsókn á slysinu en Rannsóknarnefnd flugslysa á Íslandi skipaði fulltrúa við rannsóknina og fór meðal annars á vettvang.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku hefur gefið út bráðabirgðaskýrslu um atvikið og er hana að finna á vef RNF, www.RNF.is og á vef dönsku nefndarinnar, www.hcl.dk.

Þriggja manna áhöfn og 31 farþegi voru um borð og sakaði þá ekki en flugvélin er ónýt.

Í bráðabirgðaskýrslunni kemur meðal annars fram að tveimur mínútum fyrir landingu fékk áhöfnin þær veðurupplýsingar (AFIS) að vindur væri 180°/17 hnútar með hviðum í 42 hnúta og að vindstefna væri breytileg úr 140° og í 220°.



Þar kemur einnig fram að áhöfnin ákvað að koma inn til landingar frá hægri að flugbrautinni og var flugvélin í hægri beygju yfir landingarþröskuldi. Samkvæmt upplýsingum úr ferðrita flugvélarinnar hallaði flugvélin meira en 11° við landingu og lóðrétt hröðun hennar mældist um það bil 3.9 G.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Loftskrúfa rakst í jörðina

2011

Alvarlegt flugatvik M-00911/AIG-07 TF-FAB Piper PA-38 Akureyrarflugvöllur 28. apríl

Þegar flugvélinni var ekið á flugvallastæði fór hún yfir niðurfall, en hallandi malbik er að niðurfallinu. Þegar nefhjólið fór yfir niðurfallið skall demparinn á því niður og við það rakst loftskrúfan í malbikið sem hallaði upp á við í

þá átt sem vélin ók. Mátti sjá tvö för í malbikinu eftir sitthvort skrufublaðið.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Eldur kviknaði í hjólabúnaði

2011

Alvarlegt flugatvik M-01011/AIG-08 TF-FIU Boeing 757 Keflavíkflugvöllur 29. apríl

Þegar flugvélin var að aka að stæði eftir landingu kviknaði viðvörunarljós sem benti til ofhita í hemlunarbúnaði. Áhöfnin tilkynnti um þetta til flugvirkja gegnum fjarskiptabúnað og fékk síðar upplýsingar frá

honum um að eldur hafi kviknað í hemlakerfi nr. 5 og að slökkt hafi verið í eldinum með handslökkvitæki.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hlekkist á í landingu – Loftskrúfa rakst í flugbrautina

2011

Alvarlegt flugatvik M-00110/AIG-09 TF-KFB Diamond DA-20 Keflavíkflugvöllur 3. apríl

Nemandi í einliðaflugi var að æfa snertilendingar á braut 20. Að loknum fimm snertilendingum kom flugneminn inn í aðflug á eftir Airbus 319 flugvél. Flugneminn lengdi í aðflugi sínu til að forðast ókyrrt loft á eftir vélinni. Á lokasekúndum fyrir snertingu flaug hann í gegnum ókyrrt loft sem olli því að flugvélin missti hæð. Flugneminn reyndi að rétta flugvélinu af, en hún skall niður á

flugbrautina með nefhjólið fyrst og skrufublöðin snertu brautina. Flugvélin hófst svo aftur á loft, í tvígang, uns hún lenti að lokum á flugbrautinni þannig að nefhjólaleggurinn bognaði. Þá rakst loftskrúfan einnig í flugbrautina.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hlekkist á í flugtaki

2011

Flugslýs **M-01311/AIG-10** TF-JPP Cessna 172 Hvolfsvöllur 14. maí

Einkaflugmaður ásamt þremur farþegum hugðist taka á loft til norðurs af túni við Hvolfsvöll. Í flugtaksbruninu fannst flugmanninum sem hann hafði ekki fulla stjórn á flugvélinni þar sem hún leitaði til hægri. Þegar hann reyndi að leiðrétta það fór hæri vængur hennar í jörðina og skall flugvélin að því loknu á flugbrautinni með þeim afleiðingum að nefhjólíð brotnaði. Ekki urðu meiðsl á flugmanni eða farþegum en flugvélin er talin ónýtt.



Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hurðahleri opnaðist á flugi

2011

Alvarlegt flugatvik **M-01411/AIG-11** TF-ORF Cessna 441 Við Vestmannaeyjar 20. maí

Efri hurðahleri flugvélarinnar brotnaði af flugvélinni eftir að hlerinn opnaðist þegar flugvélin var í aðflugi til Vestmannaeyja.

Töluverðar skemmdir urðu á stéli flugvélarinnar og hliðarstýri.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Vængbolti losnaði á flugi

2011

Alvarlegt flugatvik **M-01511/AIG-12** TF-SBN PZL Swidnik Við Melgerðismela 11. júní

Vængbolti á svifflugunni var ekki fullfrágenginn fyrir flugtak og losnaði í flugi. Nokkrar skemmdir urðu á svifflugunni.



Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Fauk á bakið í akstri

2011

Flugslýs M-01611/AIG-13 TF-SUE Piper PA-22 Ísafjarðarflugvöllur 5. ágúst

Flugmaður hugðist fara í einkaflugi frá Ísafirði til Fljótavíkur. Með flugmanninum var félagi hans og tveggja ára sonur flugmannsins. Fyrir flugið hlóð flugmaðurinn farangri í flugvélinu, bætti eldsneyti á eldsneytistankana og festi barnið í barnabílstól í aftursætinu.

Nokkuð hvass vindur var á flugvælinum á Ísafirði og taldi flugmaðurinn að á meðan hann var að undirbúa flugið hafi vindur verið norðaustanstæður um 15 hnútar, með hviðum upp í 25 hnúta. Að sögn flugmannsins var þetta í samræmi við þær veðurupplýsingar sem hann hafði aflað sér fyrir um daginn. Enginn starfsmaður var í flugturninum þar sem vakt var lokið og gat flugmaðurinn því ekki fengið veðurupplýsingar þaðan.

Þegar undirbúningi flugsins var lokið og allir voru komnir um borð ræsti flugmaðurinn hreyfilinn og ók flugvélinni yfir að hlaðinu við flugstöðina þar sem hann keyrði upp hreyfilinn og prófaði stjórnþækin fyrir flugtak. Um klukkan 20:45 ók hann svo flugvélinni í átt að flugbrautinni og var ætlunin að aka í brautarstöðu flugbrautar 08, þvert af flugstöðinni. Stefna flugvélarinnar var þá um 350 gráður en vindur um 50 gráður, 15 til 25 hnútar, að mati flugmannsins.

Í akstrinum var hann með hæðarstýrið í hlutlausri stöðu en hliðarstýrin að fullu til hægri. Rétt í þann mund þegar flugvélin var að komast inn á flugbrautina fannst



flugmanninum sem gríðarleg vindhviða kæmi skáhallt aftan á hægri hlið flugvélarinnar. Við þetta rann flugvélin um tvo metra til vinstri, áður en hún lyftist upp á nefhjólíð og vinstra aðalhjólíð, rak niður loftskrúfunu, valt til vinstri og hafnaði á bakinu.

Að mati RNF var ekkert flugveður fyrir TF-SUE á Ísafjarðarflugvelli þegar slysið varð. Samkvæmt METAR sem gerður var kl. 19:00 var mjög hvasst og sírítar á flugvælinum skráðu vindhviður upp í 48 hnúta kl. 20:45 þegar flugmaðurinn var að aka flugvélinni í brautarstöðu. Vindstefnan var einnig mjög breytileg.

Skýrslu um atvikið má finna á vef RNF, www.RNF.is.

Rak niður loftskrúfu í akstri

2011

Alvarlegt flugatvik M-01711/AIG-14 TF-FUN Citabria

Reykjavíkflugvöllur 6. ágúst

Flugmaður hugðist fara í flug í nágrenni Reykjavíkur á flugvélinni TF-FUN sem er tveggja sæta eins hreyfils stélhjólslugvél. Eftir hefðbundinn undirbúning ræsti flugmaðurinn hreyfilinn og óskaði eftir heimild frá flugturninum á Reykjavíkflugvelli til að aka í reynslustöðu. TF-FUN var þá staðsett í Fluggörðum og gaf flugturninn flugmanninum heimild til að aka eftir akbraut „Golf“ í reynslustöðu við flugskýli fjögur.

Eftir að hafa móttekið akstursheimildina frá flugturninum ók flugmaður TF-FUN sem leið lá eftir akbraut „Golf“ í átt að flugskýli fjögur. Að sögn flugmannsins skoðaði hann gátlista flugvélarinnar á meðan akstrinum stóð til að undirbúa sig fyrir flugið.

Þegar hann var kominn nokkurn spöl eftir akbrautinni sá flugmaðurinn að ljós fyrir geislahlið á akbrautinni var rautt þar sem hann hafði gleymt að opna hliðið með þar til ætlaðri fjarstýringu. Var hann þá kominn alveg að geislahliðinu og steig því á bremsurnar til að stöðva flugvélin. Við það stöðvaðist flugvélin snögglega og fór fram yfir sig þannig að loftskrúfan fór í jörðina.



Það er álit RNF að orsök slyssins hafi verið sú að flugmaðurinn hafi ekki verið fullkomlega með hugann við aksturinn þar sem hann var að skoða gátlistann. Þegar flugmaðurinn áttaði sig á því að hann var að aka gegn rauðu ljósi hemlaði hann of ákveðið þannig að flugvélin fór fram yfir sig.

Skýrslu um atvikið má finna á vef RNF, www.RNF.is.

Lenti of skammt

2011

Flugslýs**M-01811/AIG-15**

TF-LDS Dornier

Við Miklavatn í Fljótum

7. ágúst

Einkaflugmaður ásamt tveimur farþegum fór frá Reykjavík til Reykjafjarðar niðri og þaðan til Blönduóss þar sem flugvélin var fyllt af eldsneyti. Frá Blönduósi var flogið til Miklavatns í Fljótum þar sem flugmaðurinn hugðist lenda þriggja punkta landingu til austurs. Hægur vindur var að mati flugmannsins og gerði hann langt aðflug að landingarstaðnum. Þegar flugvélin var í þann mund að ná inn á landingarstaðinn rakst hjólabúnaður hennar í bakka með þeim afleiðingum að hjólabúnaðurinn gaf sig.

Flugvélin hafnaði inn á landingarstaðnum og sakaði flugmanninn ekki né farþegana.



Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Ók á skýli

2011

Alvarlegt flugatvik**M-01911/AIG-16**


TF-FTS Cessna 152

Reykjavíkflugvöllur

25. ágúst

Flugnemi ásamt kennara hugðist fara í kennsluflug frá Reykjavíkflugvelli. Þegar verið var að aka frá stæði fannst flugnemanum sem flugvélin léti ekki alveg að stjórn og ákvað kennarinn að hætta við flugið og ók til baka að viðhaldsskýli til frekari athugunar á flugvélinni. Þegar komið var að skýlinu stöðvaðist flugvélin ekki á tilætluðum stað, snérist skyndilega til vinstri og rakst hreyfillinn við það í skýlishurðina.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Reykur í flugstjórnarklefa

2011

Alvarlegt flugatvik M-02111/AIG-17 TF-SAA Diamond Norðan Hofsjökuls 27. ágúst

Einkaflugmaður ásamt farþega áætlaði að fljúga mótorsvifflugum frá Melgerðismelum í Eyjafirði til Reykjavíkur. Eftir um það bil 25 mínútna flug fylltist flugstjórnarklefinn af reyk. Svifflugan var þá í um það bil 9000 feta hæð yfir sjávarmáli. Flugmaðurinn lýsti yfir neyðarástandi og ákvað að snúa svifflugunni til baka og lenda aftur á Melgerðismelum.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Hlekkist á í snertilendingu

2011

Flugslýs M-02511/AIG-18 TF-FTG Cessna 152 Flugvöllurinn á Hellu 3. september

Flugmaðurinn var í snertilendingu á flugbraut 23 á Hellu. Í flugtaksbruninu náði flugvélin ekki flugtakshraða. Flugmaðurinn hætti við flugtakið nálægt brautarendanum en flugvélin fór fram af endanum, nefhjólíð grófst í jörðina, lagðist aftur. Flugvélin fór fram yfir sig og endaði á hvolfi.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Nauðlending vegna brunalyktar og reyks í flugstjórnarklefa

2011

Alvarlegt flugatvik M-02611/AIG-19 TF-HHG Bell 206 Við Geysi í Haukadal 16. september

Þyrlla með tveggja manna áhöfn og fjóra farþega var í yfirlandsflugi við Geysi í Haukadal þegar áhöfnin varð vör við brunalykt og lítilsháttar reyk í flugstjórnarklefa. Áhöfnin ákvað að lenda þyrllunni eins fljótt og mögulegt var og lenti henni á landingarstað við Geysi. Eftir landingu

sá flugmaðurinn að öryggi fyrir "Environmental Control System" hafði slegið út.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Hlektist á í landingu

2011

Alvarlegt flugatvik M-02711/AIG-20 TF-SBT Grob C103 Akureyrarflugvöllur 18. september

Sviffflugmaður hóf aðflug að flugvelli á Akureyri í um það bil 1500 feta hæð, til landingar í suður. Hraði í aðfluginu var um 110 km/klst. Þegar sviffflugan var í um það bil 2-3 metra hæð féll hún skyndilega og skall harkalega í flugbrautina, hentist upp á ný og skall aftur

harkalega í flugbrautina og stöðvaðist um það bil 300-400 metrum síðar.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Nauðlanding vegna aflmissis

2011

Alvarlegt flugatvik M-02811/AIG-21 TF-118 Denny Kitfox II Við Hestakrá á Skeiðum 17. september

Fisflugmaður var á flugi yfir Suðurlandi ásamt farþega þegar hreyfillinn missti afl. Flugmaðurinn lenti fisinu á túni við Hestakrá á Skeiðum. Í landingunni brotnaði vinstra aðalhjól af og vængendinn skemmdist.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Dúkur rifnaði af væng

2011

Alvarlegt flugatvik M-02911/AIG-22 TF-WTF Pitts S1S Listflugsvæði (BID12) 10. september

Flugmaðurinn var í listflugsæfingum á um það bil 160 hnúta hraða þegar dúkur á hægri hluta neðri vængjar rifnaði af að hluta.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Árekstarhætta

2011

Flugumferðaratvik M-02311/AIG-23 TF-BMW Vulcanair P68 Við Esju 18. ágúst
TF-JMO F-50

TF-BMW var að fljúga með ljósmyndara í ljósmyndaflugi yfir suðurhluta Esjunar og hafði haldið sömu stefnu í um 6-8 sjómílur á 120-130 hnúta jarðhraða þegar flugmaðurinn heyrði flugmann Fokker 50, sem var í brottflugi frá BIRK, kalla „Resolution advisory“.

TF-JMO var í klifri út frá Reykjavíkflugvelli þegar áhöfnin fékk upplýsingar um umferð í 6000 feta hæð frá árekstrarvara flugvélarinnar með boðum um að lækka flugið. Áhöfnin aftengdi sjálfstýringu og handflaug samkvæmt árekstrarvara í 5000 - 5200 feta hæð.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.

Rann fram af brautarenda eftir landingu

2011

Alvarlegt flugatvik M-03111/AIG-24 N818BK Gulfstream Keflavíkflugvöllur 15. desember

Eftir landingu á flugbraut 02 á Keflavíkflugvelli varð áhöfn varð vör við að bremsuskilyrði voru slæm við enda flugbrautarinnar og í stað þess að reyna að beygja vélinni til vinstri og aka eftir N-4 þá ákvað flugmaðurinn að beina flugvélinni áfram og inn á öryggissvæðið þar sem hún hafnaði í snjóskafla.

Rannsókn var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu.



Tillögur/tilmæli um úrbætur í flugöryggismálum

Rannsóknarnefnd flugslysa lagði fram tvær tillögur í öryggisátt í skýrslum sínum á árinu 2011. Þá voru níu atriði sérstaklega tekin fram sem úrbætur í öryggismálum í kjölfar rannsókna. Eftirfarandi er þær tillögur í öryggisátt og úrbætur í öryggismálum.

M-01709/AIG-12 N658UA Boeing 767-300, United Airlines, 200 Nm SSW of Keflavik. July 20, 2009

Safety information:

- United Airlines is encouraged to review the design of the audio panels in use on their aircraft with respect to this incident. There are audio panels available that make flight crew communication easier during high workload events.

Safety action taken:

- United Airlines has a campaign in place to replace applicable static inverters on Boeing 747, 757, 767, and 777 aircraft.
- United Airlines is currently evaluating the Emergency Descent Quick Reference Checklist (QRC) and the "Smoke and Fumes" Checklist has been completely revised and is now titled "Smoke, Fire and Fumes" Checklist.
- The FAA has issued an airworthiness directive to mandate the replacement of applicable static inverters on Boeing aircraft.

M-01508/AIG-04 TF-ARS, Air Atlanta Icelandic, Zia International Airport, Dhaka, Bangladesh. March 25, 2008

Safety recommendation:

- AAIB Iceland recommends to the MAS Engineering & Maintenance Division to Ensure

that each task will be traceable to the mechanic/mechanics working on the task.

Safety action taken:

- The aircraft manufacturer made changes to the maintenance manual in order to avoid mixing rigid coupling with flexible half coupling.
- Chances to the maintenance manual illustrate the placement of the lock wire.
- Following the accident, a Fleet Team Digest (FTD) was prepared by Boeing and sent out where Boeing recommends that operators review list of "Service Bulletins" (SB's) and "Safety Letters" (SL's) to ensure proper maintenance actions to prevent any further strut fire events.
- The operator has re-written emergency procedure Section 5, with special emphasize on evacuation techniques, initiative, and assessment of existing emergency situations.
- The operator has re-written chapter 211 in the Safety & Emergency Procedures manual (SEP).
- The operator has been using this accident as a case-study for training.

M-01611/AIG-13 TF-SUE, Piper PA 22-150, á Ísafjarðarflugvelli, 5. ágúst 2011

Tillögur í öryggisátt:

- Rannsóknarnefnd flugslysa beinir því til ISAVIA og Veðurstofu Íslands að þær vinni að því að upplýsingar frá vindmælum flugvalla sem tiltækar eru á vefsvæði ISAVIA verði jafnframt birtar á vefsvæði Veðurstofu Íslands.

Flugslys og flugatvik síðastliðin 10 ár

Í þessari skrá eru talin þau flugslys og flugatvik síðustu 10 ára, sem rannsökuð hafa verið. Þar er um að ræða atvik, er snerta loftför skráð á Íslandi og erlend loftför, sem hlekkst hefur á í íslenski lögsögu. Rannsókn alvarlegra flugatvika varð skyld með lögum nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa. Slys í fallhlífarstökki og fisflugi eru ekki talin hér með. Þegar slíkt slys hafa orðið hefur rannsóknin verið framkvæmd af lögregluþvöllum, með tæknilegri aðstoð Flugmálastjórnar og/eða RNF.

Ó/L=Ómeiddir/Lítið meiddir S=Slasaðir D=Dánir

Ár	Dags.	Skrás.	Tegund loftf.	Málsatvik í stuttu máli og slysstaður	Ó/L	S	D
2002	09.01	TF-FIJ	B757-200	Hlaðmenn lokuðust inni í lest flugvélarinnar fyrir brottför frá Keflavík.	223*	-	-
	22.01	TF-FIO	B757-200	Flugvélinni var beint bratt niður í fráhrarfsflugi frá Gardemoenflugvelli í Noregi.	82	-	-
	25.01	TF-FIP LN-RON	B757-200/ MD81	Flugumferðaratvik. Óeðlileg nálgun tveggja flugvéla í brottflugi frá Arlandaflugvelli í Svíþjóð.	49 100	-	-
	18.03	TF-JVI	P68/	Flugumferðaratvik. Óeðlileg nálgun tveggja flugvéla í sjónflugi inn á braut 13 á Reykjavíkflugvelli.	2*	-	-
		TF-FRK	C172		2	-	-
	11.03	TF-MYA	C152	Fór á bakið í snertilendingu á flugvelli á Stóra-Kroppi.	2	-	-
	13.03	TF-ATN	B747-200	Árekstrarvari gaf viðvörun (RA) í farflugi yfir Líbíu.	200	-	-
	24.04	N5176D	C182	Lenti í vandræðum vestur af Keflavík þegar hreyfillinn missti afl.	1	-	-
	11.05	TF-FTL	C152	Nauðlenti á Höskuldavöllum eftir að hreyfillinn missti afl.	2	-	-
	15.05	FMS		Tilfelli komu upp við innleiðingu á nýju fluggagnakerfi í flugstjórnarmiðstöð FMS.	-	-	-
	17.05	TF-ATP	B767-200	Reykur kom upp í farþegarými eftir landingu í Madrid vegna útleiðslu í lesljósi.	192	-	-
	30.05	TF-ELS	A310-300	Árekstrarvari gaf viðvörun (RA) í klifri yfir Tyrklandi.	2*	-	-
	01.06	TF-POU	PA28-140	Flaug á rafmagnslínu í aðflugi til landingar á flugvelli á Forsæti.	1	-	-
	02.06	TF-FII	B757-200	Rafmagnsbilun og hitalykt á flugi yfir Englandi.	223*	-	-
	19.06	TF-JSO	C172	Snéri við þegar hreyfill missti afl eftir flugtak frá Vestmannaeyjum.	1	-	-
	21.06	TF-ULF	Jodel D140	Loftskrüfa flugvélarinnar botnaði á flugi yfir Dagverðarnesi í Dalasýslu.	2	-	-
	30.06	TF-LIF	AS332	Allur rafstraumur fór af þyrlu sem var í sjúkraflogi vegna bilunar í rafkerfi.	6	-	-
	03.07	TF-ABJ	Pitts S1J	Brotlenti við Akureyrarflugvöll eftir að hreyfillinn missti afl.	1	-	-
	03.07	TF-ATO	B767-200	Árekstrarvari gaf viðvörun (RA) í klifri yfir Grikklandi.	298*	-	-
	11.07	DLH454	B747-400/	Flugumferðaratvik við 61°N 00°V. Óeðlileg nálgun tveggja flugvéla við svæðamörk íslenska flugstjórnarsvæðisins.	450*	-	-
		DLH456	B747-400		450*	-	-
	29.07	TF-SMS	Rans S10	Brotlenti í flugtaki frá Keflavíkflugvelli.	1	-	-
	01.08	TF-JVG	C404	Flugvél missti 11.000 feta hæð yfir austurströnd Grænlands.	11	-	-
	01.08	TF-KOK	C172	Hlekkist á og fór út af flugbraut í landingu á Vestmannaeyjaflugvelli.	4	-	-
	02.08	TF-JVH	C402	Flaug ekki rétta flugleið samkvæmt brottflugkortu í flugi frá Vestmannaeyjum.	2*	-	-
	10.08	TF-JVH	C402	Flaug ekki samkvæmt heimild í brottflugi frá Hornafirði.	10*	-	-
	14.08	TF-FTG	C152/	Flugvél lenti án heimildar á Reykjavíkflugvelli eftir að talstöð bilaði og ók svo á móti annarri flugvél í landingarbruni.	1	-	-

	TF-FTN	PA44-180		2	-	-	
18.08	TF-TAL	C206	Lenti á Akureyrarflugvelli eftir að hreyfill missti afl á flugi.	3)	-	-	
14.09	TF-ATH	B747-300	Ók á landgang við brottör frá Madrid á Spáni.	373	-	-	
14.09	TF-ABP	B747-200	Viðvörðun um eld eftir flugtak í Lagos í Nígeríu.	406*	-	-	
25.09	GAF 4601	Tornado	Rann út af flugbraut í lendingu á Keflavíkurlflugvelli.	1	-	-	
29.09	FXI 699	F27-Mk050	Flaug um 150 sjómílar af áætlaðri flugleið.	3*	-	-	
02.01	TF-FIN	B757-200	Flaug ofan við heimilaða flughæð vegna rangrar stillingar hæðarmælis.	194*	-	-	
14.01	TF-UGL	C172	Snéri við þegar hreyfill missti afl eftir flugtak frá Reykjavíkurlflugvelli.	2*	-	-	
16.01	TF-ATD	B747-200	Stél flugvélarinnar rakst í flugbrautina við lendingu í Teesside í Englandi.	446	-	-	
19.01	TF-FII	B757-200	Flugvélin missti 7.000 feta hæð á flugi suður af Baltimore.	196	-	-	
22.01	TF-ARA	B767-300	Neyðarrenna féll af flugvélinni í flugtaki frá Buenos Aires í Argentínu.	168	-	-	
15.11	TF-VEV	PA31-350	Hjól flugvélarinnar komu ekki niður fyrr en eftir nokkrar tilraunir fyrir lendingu á Bakkflugvelli.				
15.11	TF-TOE	PA28-140	Snérist og vængur rakst niður í lendingarbruni á Sandskeiðsflugvelli.	3	-	-	
03.12	TF-FIH	B757-200	Snéri við þegar reykur kom upp í farþegaklefa eftir brottför frá Keflavík.	229*	-	-	
2003	08.01	TF-ATX	B747-200F	Flugvélin, sem var flogið á sjálfstýringu, tók snarþa dýfu á flugi yfir Úkraínu.	3*	-	-
	09.01	TF-ATW/	B747-200	Árekstrarvari gaf skipun (RA) um klifur við Lagos í Nígeríu.	422*	-	-
	13.01	TF-ATO/	B767-200	Árekstrarvari gaf skipun (RA) um lækkun við New York í Bandaríkjunum.	-	-	-
	17.02	TF-ATW	B747-200/	Árekstrarvari gaf viðvörðun í aðflugi til Lagos í Nígeríu vegna annarar flugvélar.	422*	-	-
		Ókunn					
	20.02	TF-ARF	B747-200	Reykur kom upp um borð í flugvélinni á flugi til Jedda í Saudi Arabíu.	472*	-	-
	20.02	TF-FIO	B757-200	Bilun kom upp eftir flugtak frá Keflavíkurlflugvelli í fyrsta flugi flugvélarinnar eftir C skoðun.	189*	-	-
	23.02	TF-FIH	B757-200	Flugvélin lenti í London eftir að reykur hafði komið upp um borð á flugi til Keflavíkur.	223*	-	-
	24.02	TF-ARA	B767-300	Reykur kom upp um borð í flugvélinni á flugi til Buenos Aires í Argentínu.	201*	-	-
